

Sp.

4. Tillaga til þingsályktunar

[4. mál]

um breytingu á kosningalögum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Gils Guðmundsson, Stefán Jónsson,
Geir Gunnarsson, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er skipuð sé einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, til að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis, er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi kosningalögum er stjórnmalaflokkunum áskilinn réttur til að leggja fram raðaðan framboðslista og ákveða þannig fyrir fram hvaða frambjóðendur hafi mesta möguleika til að ná kosningu. Kjósandinn hefur að vísu rétt til að strika út frambjóðanda eða breyta röðinni, en raunveruleg áhrif kjósenda á röð frambjóðenda hafa löngum reynst lítil, og raunar engin eftir þær breytingar sem gerðar voru á kosningalögum árið 1959. Í 110. gr. laga nr. 52 1959 er svo fyrir mælt, að þrátt fyrir útstrikun eða breytingu á atkvæðaseðli fái frambjóðendur listans $\frac{2}{3}$ atkvæðisins, eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum. Með öðrum orðum má segja að aðeins sé tekið tillit til þriðja hluta þeirra breytinga sem gerðar eru á röð frambjóðenda.

Sú skoðun hefur átt vaxandi fylgi að fagna, að réttur kjósenda til að hafa áhrif á röð frambjóðenda þess lista, sem þeir kjósa, sé allt of takmarkaður. Hefur þetta m. a. leitt til þess, að prófkosningar eða skoðanakannanir til undirbúnings framboðslista hafa orðið tíðari og verið reyndar í ýmsum myndum. Því er þó ekki að leyndu, að prófkosningar eru á ýmsan hátt gallaðar, enda almennt óæskilegt í stjórnmalum að kosningar snúist fyrst og fremst um persónulega verðleika einstaklinga. Með þessu er þó alls ekki sagt að hæfileikar og dugnaður einstakra manna skipti litlu við skipan framboðslista, en gæfulegra er að pólitískar kosningar snúist fyrst og fremst um málefni, en ekki eingöngu um menn.

Eðlilegast virðist að á kjördegi geti kjósandinn valið milli flokka á málefnalegum grundvelli og samtímis átt þess kost að velja milli frambjóðenda flokksins. Þess háttar fyrirkomulag tíðkast í mismunandi myndum í öðrum löndum og koma ýmsir möguleikar til greina.

Hér verður bent á nokkra valkosti til skýringar:

Hugsanlegt er að kjósandinn fái að velja hvort hann greiðir flokknum atkvæði eða ákveðnum frambjóðanda flokksins, sbr. dönsku kosningalögin sem greina milli persónulegra atkvæða og flokksatkvæða. Einnig er hugsanlegt að flokkum sé í sjálfsvald sett hvort þeir leggja fram raðaðan lista eða ekki. Flokksatkvæði yrðu reiknuð frambjóðendum á röðuðum lista, en á óröðuðum lista skiptust atkvæðin milli frambjóðenda í hlutfalli við persónulegu atkvæðin.

Álitamál er hvort réttara væri að kjósandi, sem greiðir persónubundið atkvæði, merki við eitt nafn eða fleiri á atkvæðaseðlinum. Merking við eitt nafn er eðlileg í kjördæmi sem ekki fær nema einn eða tvo þingmenn, en óeðlileg í stórum kjördæmum. Í Danmörku getur kjósandinn aðeins merkt við eitt nafn á seðlinum, en þar er kjördæmaskipan mjög ólík því sem er hér á landi.

Til greina gæti komið að kjósandi, sem greiðir persónubundið atkvæði, hafi rétt til að merkja við eitt eða tvö nöfn í kjördæmum þar sem 5—6 þingmenn eru kosnir, en megi merkja við allt að fjögur nöfn þar sem 12 þingmenn eru kjörnir.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa enn ekki tekið afstöðu til þess, hvaða leið yrði heppilegust í þessum efnum, enda eðlilegast að væntanleg þingnefnd kanni

fyrst nánari framkvæmd málsins. Hins vegar er það aðalatriðið, að sú leið, sem valin er, sé sanngjörn og jafnframt verði kosningaaðferðin einföld og auðskilin.

Með þessari tillögu er lögð áhersla á að á þessu stigi málsins samþykki Alþingi viljayfirlýsingu þess efnis, að kjósendum verði gert auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa.